

Ed.

98. Frumvarp til laga

um ráðstafanir til varnar því, að skipum sé leiðbeint við ólöglegar fiskveiðar.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

1. gr.

Hver sá, sem sendir skeyti til skips, sem ætla má, að sé að veiðum hér við land, eða tekur á móti skeyti frá slíku skipi, skal skyldur að leggja fram lykil að hverju því dulmáli, sem notað kann að vera við skeytasendinguna. Það er m. a. dulmál samkvæmt lögum þessum, ef notað er í skeyti mál í óvenjulegri merkingu.

2. gr.

Hver sá, sem skeyti sendir til veiðiskips eða frá því, skal undirrita á hverju slíku skeyti drengskaparvottorð um það, að ekkert sé í efni skeytisins, sem stuðl- að geti að brotum á fiskveiðalöggjöfinni, forðað sökumaut við töku eða gefið veiðiskipi bendingu um ferðir varðskipanna. Undirrita má slíkt drengskaparvottorð í eitt skipti fyrir öll hjá landssímastjóra. Starfsmenn loftskeytastöðva í landi mega ekki afgreiða dulmálsskeyti til veiðiskipa eða skeyti frá veiðiskipum til manna í landi fyrr en fyrir þá hefir verið lagður lykill að slíku skeyti; skulu loftskeytamennirnir þýða dulmálsskeytin áður en þeir afgreiða þau, og þyki þeim efni skeytanna að einhverju leyti grunsanlegt, skulu þeir gera dómsmála-

ráðuneytinu aðvart áður en þeir afgreiða skeytin. Dómsmálaráðuneytinu skal og heimilt að láta athuga skeyti þessi, hvenær sem því þykir með þurfa, og jafnvel stöðva þau, ef ástæða þykir til. Landssíminn skal sjá um, að rituð séu í sérstaka bók öll skeyti til og frá veiðiskipum, með nákvæmri stund og dagsetningu og í töluröð. Ennfremur skal loftskeytamönnum varðskipanna og starfsmönnum við loftskeytastöðvar í landi, sem til þess eru kvaddir, skylt að bókfæra, eftir því sem þeim er frekast unnt, öll skeytaviðskipti og talstöðvasamtöl milli veiðiskipa innbyrðis og skeytaskipti þeirra við land. Skulu stöðvarnar, varðskipin og innlend veiðiskip í byrjun hvers mánaðar senda landssímastjóranum frumrit allra þeirra skeyta, sem milli lands og skipa hafa farið á síðastliðnum mánuði, og eftirrit þeirra skeyta skipa á milli, sem náðst hafa, en hann sendir þau dómsmálaráðuneytinu að lokinni skoðun.

Sjávarútvegsnefnd Alþingis skal hafa aðgang að öllum plöggum varðandi greint eftirlit.

Með reglugerð má kveða nánar á um framkvæmd laga þessara og refsa fyrir brot á reglugerðinni sem eftir lögnum.

3. gr.

Hver sá, sem sannur verður að því, með skeytum, firðtali, ljósmerkjum eða á hvern annan hátt að hafa ætlað að stuðla að brotum á fiskveiðalöggjöf-
inni, forða sökunaut frá töku eða gefa veiðiskipi bendingar um ferðir varðskip-
anna, skal sæta 3—15 þúsund króna sekt, eða fangelsi, sem hækka má allt að
2 ára hegningarvinnu, ef sakir eru miklar eða brot ítrekað.

Önnur brot á lögum þessum varða sektum, nema þyngri refsing sé lögð
við að lögum.

4. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum og reglugerð, settri samkvæmt þeim,
skal farið sem með opinber lögreglumál.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eftir ósk dómsmálaráðherra er frv. þetta flutt samkvæmt 23. gr. stjórnar-
skrárinnar.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um ráðstafanir til varnar því, að skipum sé leiðbeint við ólöglegar fiskveiðar.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láen-
borg og Aldinborg,

Gerum kunnugt: Dómsmálaráðherra Vor hefir þegnlega borið upp fyrir Oss, að óhjákvæmilegt sé að setja þegar í stað ákvæði um ráðstafanir til varnar því, að skipum sé leiðbeint við ólöglegar fiskveiðar; orsök þessa sé sú, að uppvíst hefir orðið við réttarrannsókn, að íslenzkir menn hafa gerzt njósnarar fyrir brezka togaraskipstjóra um hreyfingar varðskipanna, en ákvæði íslenzkra laga til varnar njósnarstarfseminni ekki nógu ýtarleg. Þar sem stendur á eins og að framan segir, teljum Vér brýna nauðsyn bera til að setja bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar um þetta efni.

Fyrir því bjóðum Vér og skipum:

1. gr.

Hver sá, sem sendir skeyti til skips, sem ætla má, að sé að veiðum hér við land, eða tekur á móti skeyti frá slíku skipi, skal skyldur að leggja fram lykil að hverju því dulmáli, sem notað kann að vera við skeytasendinguna. Það er m. a. dulmál samkvæmt lögum þessum, ef notað er í skeyti mál í óvenjulegri merkingu.

2. gr.

Hver sá, sem skeyti sendir til veiðiskips eða frá því, skal undirrita á hverju slíku skeyti drengskaparvottorð um það, að ekkert sé í efni skeytisins, sem stuðlað geti að brotum á fiskveiðalöggjöfinni, forðað sökunaut við töku eða gefið veiðiskipi bendingu um ferðir varðskipanna. Undirrita má slíkt drengskaparvottorð í eitt skipti fyrir öll hjá landssímastjóra. Starfsmenn loftskeytastöðva í landi mega ekki afgreiða dulmálsskeyti til veiðiskipa eða skeyti frá veiðiskipum til manna í landi fyrr en fyrir þá hefir verið lagður lykill að slíku skeyti; skulu loftskeytamennirnir þýða dulmálsskeytin áður en þeir afgreiða þau, og þyki þeim efni skeytanna að einhverju leyti grunsamlegt, skulu þeir gera dómsmálaráðuneytinu aðvart áður en þeir afgreiða skeytin. Dómsmálaráðuneytinu skal og heimilt að láta athuga skeyti þessi, hvenær sem því þykir með þurfa, og jafnvel stöðva þau, ef ástæða þykir til. Landssíminn skal sjá um, að rituð séu í sérstaka hók öll skeyti til og frá veiðiskipum með nákvæmri stund og dagsetningu og í töluröð. Ennfremur skal loftskeytamönnum varðskipanna og starfsmönnum við loftskeytastöðvar í landi, sem til þess eru kvaddir, skylt að bókfæra, eftir því sem þeim er frekast unnt, öll skeytaviðskipti og talstöðvasamtöl milli veiðiskipa innbyrðis og skeytaskipti þeirra við land. Skulu stöðvarnar, varðskipin og innlend veiðiskip í byrjun hvers mánaðar senda landssímastjóranum frumrit allra þeirra skeyta, sem milli lands og skipa hafa farið á síðastliðnum mánuði, og eftirrit þeirra skeyta skipa á milli, sem náðst hafa, en hann sendir þau dómsmálaráðuneytinu að lokinni skoðun.

Sjávarútvegsnefnd Alþingis skal hafa aðgang að öllum plöggum varðandi greint eftirlit.

Með reglugerð má kveða nánar á um framkvæmd laga þessara og refsar fyrir brot á reglugerðinni sem eftir lögnum.

3. gr.

Hver sá, sem sannur verður að því með skeytum, firðtali, ljósmerkjum eða á hvern annan hátt að hafa ætlað að stuðla að brotum á fiskveiðalöggjöfinni,

forða sökunaut frá töku eða gefa veiðiskipi bendingar um ferðir varðskipanna, skal sæta 3—15 þúsund króna sekt, eða fangelsi, sem hækka má allt að 2 ára hegningarvinnu, ef sakir eru miklar eða brot itrekað.

Önnur brot á lögum þessum varða sektum, nema þyngri refsing sé lögð við að lögum.

4. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum og reglugerð, settri samkvæmt þeim, skal farið sem með opinber lögreglumál.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Samkvæmt þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gert á Amaliuborg 14. janúar 1936.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.).

Hermann Jónasson.